



RÍKISSKATTSTJÓRI

Alþingi  
Erindi nr. P 140/1937  
komudagur 24.4.2012

Laugavegi 166 - 150 Reykjavík - Sími 563 1100  
Fax 562 4440 - www.rsk.is - rsk@rsk.isk.is

Alþingi, atvinnuveganefnd  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 24. apríl 2012 R2012040011  
T-ums 06/12


**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða - 657. mál, þskj. 1052.**


Ríkisskattstjóri hefur þann 16. apríl 2012 móttekið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði ný heildarlög um stjórn fiskveiða.

Almennt má um frumvarpið segja að efni þess falli utan verksviðs ríkisskattstjóra þó að í 7. tölul. 45. gr. frumvarpsins sé að finna tillögu til breytingar á 2. mgr. 48. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Breytingin felur í sér að tilvísun í áður nefndu ákvæði tekjuskattslaga til 5. gr. laga nr. 38/1990 verði breytt þannig að löggin vísi til laga um stjórn fiskveiða. Þar sem ekki eru lagðar til aðrar breytingar á lögum um tekjuskatt ályktar ríkisskattstjóri sem svo að skattaleg meðferð á stofnkostnaði við kaup á réttindum sem ekki rýrna vegna notkunar verði óbreytt.

Virðingarfyllst

  
Skúli Eggert Þorðarson

  
Guðrún J. Jónsdóttir